

Nr. 2737 Síðan 1968  
57. árgangur

Fimmtudagur 1. febrúar 2024

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is  
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



## „Vongóð um að þarna finnist heitt vatn“

Mynd: Dagskráin/Björgvin Rúnar

Líkt og glöggi vegfarendur hafa eflaust tekið eftir, hefust starfsfólk Selfossveitna hafist handa við tilraunaboranir á horni Árvegar milli Hótel Selfoss og Selfosskirkju.

Sigurður Þór Haraldsson, veitustjóri hjá Selfossveitum, segir í samtali við Dagskrána að rannsóknir á jarðhita á sveðinu lofi góðu. „Í fyrra fundum við vísbendingar um jarðhita sunnan megin við ána, þegar við bor-

uðum annars vegar við Tryggvaskála og hinsvegar í Fosslandinu. Í kjölfarið af því var ákveðið að fara í tvær rannsóknarholur, báðar 900 m djúpar, önnur við Hótel Selfoss og hin í Fosslandinu. Ef við finnum heitt vatn getum við rýmkað þær og gert að vinnsluholum. Við erum til-tölulega nýbyrjuð á þeiri fyri, SE45, komin á um 30 m dýpi og það er ekkert að fréttá ennþá, en það má búast við því að þetta

taki nokkrar vikur og við erum nokkuð vongóð um að þarna finnist heitt vatn. Við erum að leggja lagnir alla leið frá SE40, holunni sem við fundum vatn í í fyrra, norðan megin við ána, þúin að skipta um lagnir í brúnni og stækka, þær lagnir geta svo nýst beint niður Kirkjuveg og geta tengst við Eyraveg og þessar sömu lagnir nýtast líka ef við finnum vatn við Árveginn.“

HGL



Aðalsteinn Jóhannesson frá Jórvík fasteignum, Sigríður Vilhjálmsdóttir, staðgengill bæjarstjóra og Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs skrifus ùndir kaupsamning til staðfestingar á sölunni. Ljósmynd: Árborg.

## Árborg selur Björkurstykki 3 á 1,2 milljarða

Sveitarfélagið Árborg hefur gengið frá kaupsamningi við Jórvík fasteignir ehf. vegna sölu á landinu Björkurstykki 3 á Selfossi. Um er að ræða sölu á landi undir íbúðarbyggð fyrir 1,2 milljarða.

„Þetta er góð sala fyrir Sveitarfélagið Árborg og hefur jákvæð áhrif á rekstur sveitarfélagsins. Um er að ræða spennandi uppbyggingarsvæði sem býður upp á möguleika til fjölbreytrar íbúðarbyggðar og verður ánægjulegt að sjá það byggjast upp á næstu árum“ segir Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar.

Sveitarfélagið auglýsti í des-

ember sl. til sölu landið Björkurstykki 3 sem er hluti af Stekkjarchverfinu á Selfossi. Um er að ræða 17,5 ha land sem ætlað er undir íbúðarbyggð og kaupandi landsins myndi í framhaldini sjá um deiliskipulagsgerð, hönnun, uppbyggingu innviða og sölu byggingarlóða.

Af fjórum uppbyggingaraðilum sem buðu í landið kom hæsta tilboðið frá Jórvík fasteignum ehf. upp á kr. 1.210.000.800 kr. eða 73% yfir lágmarksverðinu sem var 700 milljónir. Fyrirtækið hefur á undanförnum árum séð um sambærilega uppbyggingu íbúðahverfis í landinu Jórvík sem liggr að Björkurstykki 3.



## Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2023

TOYOTA bZ4X  
100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota  
Selfossi

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



# „Draumur okkar er að þetta springi á endanum“

Pílukastfélög Árborgar var stofnað árið 2020 af nokkrum áhugamönnum á svæðinu. Það félög lagði þó fljótegla upp laupana vegna skorts á aðstöðu. Árið 2022 var þó ákveðið að endurverkja félagið undir nafninu Pílufélag Selfoss (PFS) en meðlimir höfðu ekki erindi sem erfiði við að verða sér úti um aðstöðu til æfinga, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, fyrr en nú, en félagið hefur sett upp fimm píluspjöld í salnum í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg á Selfossi. Blaðamaður Dagskráinnar brá sér af bæ og kíkti á glæsilega aðstöðu Pílufélagsins af þessu tilefni og náði tali af Sævarri Þóri Gíslasyni, varaformanni PFS, og Helga Haraldssyni, formanni Ungmennafélags Selfoss.

„Við vorum með þetta í bílskúrnum heima en okkur langaði að ná lengra, okkur langaði að kasta með öðru fólk og verða okkur úti um aðstöðu svo við þyrtum ekki að vera einir heima í skúrnum. Ekki það, maður er alltaf bestur í skúrnum,“ segir Sævar og hlær.

Í kjölfarið af endurvakningu félagsins voru nokkrir úr hópnum sem tóku þátt í liðakeppni Pílufélags Reykjavíkur, eftir þá kepnni var haldinn aðalfundur og Pílufélag Selfoss var formað stofnað. „Við fórum sjálfrí i stjórn og fleira og fórum á fullt í það að reyna að fá aðstöðu. Það fór þó svo að við fengum í rauninni enga aðstöð við það svonað byrjun, en svo fóru styrkir frá

## Fullt hús annan daginn í röð

Þrátt fyrir þennan framgang á Selfoss Open, fékk félagið enga aðstoð eða aðstöðu fyrr en stjórnarmenn settu sig í samþand við Helga Haraldsson, formann UMF Selfoss. „Þar sem píla er orðin viðurkennd íþrótt samkvæmt ÍSÍ hefur Íslenska pílukastsambandið hvatt félögini til þess að sækja um aðild í ungmannafélögini. Við heyrðum í Helga, sem er auðvitað opinn fyrir öllu er kemur að íþróttum og afþreyingu og hann tók mjög vel í þetta. Við sýndum honum hvað við vildum gera, hvernig aðstöðu væri hægt að setja upp og hvað þetta tæki í raun lítið pláss. Helgi lagði þetta fyrir framkvæmdastjórn og aðalstjórn UMF og



Helgi Haraldsson, formaður UMF (fyrir miðju), lætur reyna á hæfni sína í pílukasti ásamt iðkendum í Pílufélagi Selfoss. Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

það var samþykkt að leyfa okkur að setja þetta upp hérna í Tíbrá til reynslu, eða þangað til þetta springur. Miðað við aðsóknina sem við erum að sjá í félagið eftir tveggja daga opnun þá mun þetta springa fljótt utan af okkur. Við erum á kvöldi tvö og það er núna fullt hús annan daginn í röð, þrátt fyrir að eitt liðið okkar sé að keppa í bænum núna, þannig að það væri ansi margt hérna ef þeir væru ekki fjarverandi,“ segir Sævar og brosir.

## Hefði ekki tekist án þrjosku, frábærrar aðstoðar og stuðnings

Sævar segir þó að þeim hefði aldrei tekist þetta ef ekki væri fyrir þrjosku og þrautseigju og þá staðreynd að þeir hafi aldrei gefist upp. „Þessi stuðningur frá fyrirtækjum hefur verið algjörlega ómissandi. Bæði í kringum Selfoss Open og við að setja upp þessa aðstöðu hér, fengum við styrki og auglýsingar frá fyrirtækum og viljum við sérstaklega þakka Helga Haraldssyni, Einari Björns og Önnu Stellu í Hvítá húsinu fyrir frábæran stuðning. Sömuleiðis fá Fagform, Reykjafell, Pro-Garðar, Lagsarnir, Rafagnapjónusta Selfoss, Tools, Skalli Selfossi, Blikkmenn, Gallerý Ozone, Egill Guðjónsson ehf. og Byggingarfélagið Farsæll kærar þakkir fyrir stuðninginn. Einnig ber að þakka allri stjórninni og þeim Einari Erni Einarssyni, Adam Þorsteinssyni, Elmar Viðarssyni og Stefáni Orlandi fyrir aðstoðina við að gera aðstöðuna og standana okkar að veruleika.“

## Engin leið inn

„Við höfum leitað til sveitarfélagsins sem verslaði m.a. fullt af áhöldum fyrir Unglingalandsmót 2022. Áhöld fyrir pílu voru fengin að láni úr Reykjavík en hingað voru keyptir tveir strandblakvellar, bogfimiaðstaða og einhver 6 borðtennisborð á þeirra vegum og ég veit ekki til þess að neitt af þessu, nema kannski tvö borðtennisborð, séu í notkun. Það er vissulega frábært að þau nýtist en á sama tíma er ansi súrt að ekki hafi verið hægt að gera

neitt til að styrkja píluna sem var stoffnuð árið 2020 og við þá þegar búnir að biðja um aðstöðu og stuðning. Við höfum ekki fengið eina krónu í styrk frá sveitarfélaginu. Við höfum talað við Fjólu og Braga sem voru bæði mjög jákvæð. Við skiljum stöðu sveitarfélagsins en að þau skuli ekki geta tekið ákvörðun um það að veita okkur aðstöðu í skólum, þessum dýrustu húsnæðum sveitarfélagsins, sem standa auð eftir klukkan 14, 14:30 á daginn, fram á kvöld og eru ekki í notkun 2-3 mánuði á ári, það finnst manni ansi súrt. Sveitarfélagið á þessi rándýru húsnæði og okkur þykir sorglegt að þau skuli ekki vera nýtt, undir einmitt svona sem tekur ekkert pláss.

Tveir skólastjórar af þremur sem við leituðum til voru engan veginn tilbúnir til að fá þetta inn í skólana, sem sveitarfélagið á og rekur, þrátt fyrir að þeir gætu nýtt sér aðstöðuna til valáfanga í kennslu eins og Flóaskóli er að gera með glæsibrag. Eina lausnin sem annar þeirra kom með var 3-4 milljóna króna framkvæmd fyrir PFS sem var engan veginn framkvæmanleg, það finnst manni bagalegt“ segir Sævar.

## Píla hentar öllum

Sævar segir að píla henti öllum, hún geri hvorki greinamun á kyni, aldri né styrk og að það hafi sýnt sig og sannað. „Við erum virkilega ánægðir með að fá þessa flottu aðstöðu og stefnum að efla félagið enn frekar. Við hjá PFS búum svo vel að eiga hann Gunnar Guðmundsson sem er Íslandsmeistari U18 2023 og hann er einnig Dartung meistari 2023, en Dartung er mótaröð fyrir 9-18 ára börn og ungumenni. Einnig varð Elmar Viðarsson í þróða sæti á Íslandsmótioldunga 50+ 2024. Okkur vantar þó kvenkyns iðkendur og til að reyna að fá fleiri konur til liðs við Pílufélagið, langar okkur að halda konudag hérna, bjóða konum að koma hingað og kasta pílu. Í nánustu framtíð ætlum við svo að bjóða upp á barna- og unglingsnámskeið. Landsliðsmennirni okkar í pílu vilja að auki endilega

koma hingað með kynningar og halda námskeið fyrir fullorðna og okkur langar sömuleiðis að geta boðið eldri borgurum að koma og prófa. Mér finnst þetta alveg frábært, aðsísllegt að sjá aðsóknina. Draumur okkar er að þetta springi á endanum utan af okkur og við fáum stærra húsnæði,“ segir Sævar og horfir brosandi yfir fullan sal af áhugasönum nýliðum.

Pílufélag Selfoss stefnir á að bjóða upp á æfingar á mánuðið víkum og fimmtudögum, með fyrirvara um tilfallandi viðburði í Tíbrá.

## Mikilvægt að börn og unglungar séu í skipulögðu íþróttá- eða tómstundastarfi

Helgi Haraldsson, formaður UMF Selfoss, segir að sér þyki mikilvægt að öll börn og unglungar geti fundið sér eitthvað við að vera og séu í einhverju skipulögðu íþróttá- eða tómstundastarfi. „Bað getur verið hvað sem er; rafíþróttir, golf, boltaíþróttir, hestamennska, kirkjukórinn, tónlistarskólinn eða eitthvað annað og einn liður í því er að bæta við pílunni. Við erum að vinna að því með Pílufélagi Selfoss að þeir gangi inn í Ungmennafélag Selfoss og verði formleg deild innan félagsins, því pílukast er, líkt og Sævar minntist á, orðin viðurkennd íþrótt hjá Íþróttasambandi Íslands sem og Ólympíusambandinu, og þar með gengur það formlega inn í íþróttahreyfinguna.“

„Þeir hjá Pílufélaginu hafa lengi verið að reyna að fá aðstöðu en það virðast allir aðspurðir hafa miklað þetta fyrir sér, fundist allt ómögulegt. Við komum þeim því fyrir hér í Tíbrá. Kannski ekki síst til að sýna fram á að, vegna þess hvernig þeir eru búnir að útbúa þetta hérna, tekur þetta ekkert pláss á meðan þetta er ekki í notkun. Það er fullt af húsnæði um allan bæ, bæði skólahúsnæði og annað hjá sveitarfélaginu þar sem hægt væri að koma þessu fyrir, bæði til þess að fylgja iðkendum og plássum, til þess að fleiri geti verið með,“ segir Helgi að lokum. *HGL*



**SUB EHF**  
HLJÓÐ - LJÓS - MYND  
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST  
[subkerfi@gmail.com](mailto:subkerfi@gmail.com)      8467713



# Sendibílar á Suðurlandi



**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - [keyrsla@keyrsla.is](mailto:keyrsla@keyrsla.is) - [www.keyrsla.is](http://www.keyrsla.is) - [/keyrsla.is](https://facebook.com/keyrsla)



## Gjaldfrjáls útlán á bókasöfnum Rangárþings ytra

Nú um áramót tók í gildi breyting á bókasöfnum í Rangárþingi ytra. Þýðst íbúum nú að taka bækur að láni, endurgjaldslaust á öllum bókasöfnum Odda bs; í Grunnskólunum á Hellu og Laugalandi og íþróttahúsini í Þykkvabæ.

Eru íbúar hvattir til að nýta sér frábæran bókkost safnanna fyrir alla fjölskylduna.

Bókasafnið á Hellu er opíð mánudaga frá 16-17:30 og fimmtudaga frá 20-21, á Laugalandi er opíð á fimmtudögum frá 19:30-21:30 og í Þykkvabæ er opíð á þriðjudögum frá kl 17-18:30.

# NÝSKÖPUNAR- OG VÍSINDADAGUR

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS



## Dagskrá

Opnun kl. 13:00

**Willum Þór Þórsson**, heilbrigðisráðherra

**Diana Óskarsdóttir**, forstjóri

Levið: **Matthías Leifsson**

Dignio - fjarheilbrigðisþjónusta: **Anna Margrét Magnúsdóttir** og **Magrét Björk Ólafsdóttir**

Endurbætt ferli vegna móttöku þolenda ofbeldis: **Björk Steindórsdóttir** og **Helga Lind Pálsdóttir**

Kaffihlé

Dagskrá hefst kl. 14:50

Heimasípitali: **Guðny Stella Guðnadóttir**

Krabbaumeinslækningar á Suðurlandi: **Helgi Hafsteinn Helgason**

Gervigreind í myndgreiningu: **Diana Óskarsdóttir**

Kaffihlé

Dagskrá hefst kl. 16:15

Slag innan tímamarka: **Anne María Steinþórsdóttir** og **Steinar Ólafsson**

Geðheilsuvernd á meðgöngu: **Arndís Mogensen**

Heilsa og næring barna: **Vignir Sigurðsson**

Lokaorð: **Diana Óskarsdóttir**

## Öll hjartanlega velkomin og aðgangur ókeypis

Hvar Fjölbautaskóla Suðurlands Skráning  
Hvenær 20. febrúar 2023  
Klukkan 13:00-17:30



Eða á [www.hsu.is](http://www.hsu.is)

# Við höfum opnað verkfæra- og landbúnaðarverslun Austurvegi 69, Selfossi

Hörkutól frá Makita, Kubota, Deutz-fahr, Master og Flex

**PÓR H F**  
Með þér í meira en 60 ár

Fyrir fagfolk - fyrir þig

**makita**

# Próunarverkefni leikskólans Goðheima

## Geymast mér í minni myndir bernskunnar

**V**erkefnið Geymast mér í minni myndir bernskunnar snýr að velliðan leikskólabarna. Mikilvægt er að þær myndir sem geymast í huga barns til fullorðinsára séu teknar á þeim stundum sem barnið upplifir velliðan, sé meðvitað um eigin tilfinningar og styrkleika og geti sýnt sjálfu sér og öðrum vinsemdu og virðingu og að þær stundir séu ráðandi í lífi þeirra.

Verkefnið fékk styrk úr sprotasjóði. Styrkurinn nýtist til fræðslu kennara, starfsfólks og foreldra. Markmið verkefnisins er að stuðla að góðri geðheilsu og velliðan barna. Unnið verður með styrkleika barnanna og að þau öðlist færni til að takast á við þær áskoranir sem þau mæta á lífsleiðinni. Til að það markmið náist er mikilvægt að starfsfólk og foreldrar tileinki sér aðferðir og noti verkfæri sem stuðla að góðri geðheilsu í starfi með börnum þar sem leikur er námsleid.

Próunarverkefnið er unnið í samstarfi við Hugarfrelsi og Rúnu Sif Stefánsdóttur doktor í Íþrótt- og heilsufræði. Eigendur Hugarfrelsins þær Unnur Arna Jónsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir hafa unnið með leikskólanum frá stofnun hans og aðstoðað við innleiðingu á núvitund, slökun og hugleiðslu inní skólastarfið. Unnur hefur lokið diplómanami á meistarastigi í sálgæseli og viðskiptafraði frá HÍ og Hrafnhildur hefur lokið diplómanámi á meistarstigi í sálgæseli, grunnskólkennara-prófi frá HÍ og 8. stigi í ljóða- og óperusöng frá Söngskólanum í Reykjavík. Kennsluaðferðir Hugarfrelsins byggja á aðferðarfræði jákvæðrar sálfræði og návitundar. Rúna Sif Stefánsdóttir hefur verið með fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um svefn bæði barna og fullorðinna. En svefn er ein af grunnstoðum andlegrar og líkamlegrar heilsu ásamt reglubundið hreyfingu, hollu mataræði og velliðan. Á meðan við sofum á sér stað ákveðið líffræðilegt ferli sem endurnærir líkama og sál og í raun má segja að við séum að „hlaða batterín“ meðan við sofum. Svefn tilheyri því frumhegðun allra lífvera og er ein af grunnstoðum lífsins.

Samstarfsaðilar hafa nú þegar haldið eitt námskeið bæði fyrir starfsfólk og foreldra og



verður seinna námskeiðið haldið í febrúar. Á fyrra námskeiðinu Núvitund, öndun, jóga, slökun og hugleiðsla í leikskólastarfi var farið yfir mikilvægi svefn og hvernig nota má núvitund, slökun og hugleiðslu í hefðbundinni kennslu og uppeldi með börnum. Einnig var fjallað um áhrif snjalltækja á börn. Þó að áhrif snjalltækja séu að mörgu leyti jákvæð og bjóði upp á ýmis tækifæri fyrir börn hafa þau einnig sínar skuggahliðar. Margir foreldrar upplifa óryggi við að setja snjalltækjanotkun barna sinna heilbrigð mörk þannig að hún bitni ekki á heilsu þeirra, svefn, samskiptum og líðan. Hlutverk foreldra er að setja mörk og skapa tíma fyrir uppbyggilegar samverustundir án snjalltækja og aðstoða börnin við að finna ánægju fjarri skjánum.

Eitt af verkfærunum sem við getum notað til að auka velliðan bæði okkar sem foreldra og barnanna okkar er að nota núvitund í uppeldinu. Núvitund er meðfædd hæfni. Ungum börnum er eðlislægt að vera í núvitund. Þegar þau eldast og áreitid og álagið eykst geta þau fundið meira fyrir streitu og kvíða og fjarlægst núvitundarástandið. Við sem kennara og foreldrar þurfum að æfa börn í núvitund, hægja á, vera án þess að gera. Með núvitund fjölgum við verkfærunum sem börn geta nýtt sér til að draga úr kvíða, efla einbeitingu, auka velliðan, bæta samskipti og efla tilfinningagreind.

Djúp öndun er verkfæri sem gott er að nota til að draga úr tilfinningasveiflum og auka velliðan bæði fyrir börn og fullorðna. Djúp öndun dýpkar meðfædd ró og skýrleika hugsans, eykur súrefnisupptöku, dregur úr vöðvaspennu, hægir á hjartslættinum og lækkar blóð-

þrýstinginn. Öndunaræfingar er gott að kenna börnum í gegnum leik. Mikilvægt er að hvetja barnið til að nýta sér æfingarnar sem það hefur lært þegar krefjandi aðstæður koma upp eða þegar tilfinningarnar eru að ná yfirhöndinni.

Það er nokkuð algengt að börn eigi erfitt með að slaka á og mörg þeirra kunna það einfaldlega ekki. Þess vegna er mikilvægt að kenna börnum að slaka á þannig að bæði líkami og hugur fái hvíld. Í slökunarástandi fer af stað úrvinnsla alls þess sem barnið hefur upplifað þann daginn sem eykur líkur á svefn-gæðum. Gott er að kenna barni að leyfa sér að slaka á reglulega og sérstaklega þegar það finnur fyrir kvíða, ótta, streitu eða öðru tilfinningalegu ójafnvægi. Einnig er mjög gott að taka slökun með barni fyrir svefninn. Búa til gæðastund foreldris og barns.

Hugleiðsla er aðferð til að leiða hugann í ákveðna átt, hægja á hugsunum og finna innri ró. Til eru margar leiðir til að hugleiða, hver og einn þarf að finna sína leið. Hugarfrelsi sérhæfir sig í hugleiðslusögum en sú leið hentar börnum afskaplega vel. Hugleiðslusögurnar eru myndrænar ævintýrasögur sem efla ímyndunarafl og einbeitingu sem er mjög mikilvægt í okkar hraða samfélagi þar sem snjalltækum fylgir mikil mótu og börn nýta því síður ímyndunarafl sitt.

Að anda rólega og hlusta á slökunaræfingu og hugleiðslusögu fyrir svefninn er notaleg stund bæði fyrir foreldri og barn til að stilla af huga og líkama.

*Ó, manstu kyrrlát kvöld  
Er komið sumar var  
og allir léku yfir  
Og engum leiddist þar  
Nú geymast mér í minni  
myndir bernskunar*

*Ó, manstu allt sem að  
ungan kætti hug  
Er ímyndunaraflíð  
ákaft þreytti flug  
Þeim ævintýraheimi  
ég aldrei gleymi*

Ásgeir Trausti

Fyrir hönd kennara og  
starfsfólk Goðheima,  
Anna Gína Aagestad  
verkefnastjóri

Vísagáttur-höf:  
Pátl Jónsson  
Útg. Bókáútgáfan HÓLAR



## Gáta vikunnar

Hérna það í ánni er,  
ennþá læra krakkar hér.  
Á hafi mikill háski víst,  
hjúskapnum það gagnast síst.

Svar við gátu í blaði 2736: **BJÖRN**  
2. Stóri-**björn** - 3. Ísbjörn  
4. **B(j)örn**

**Sunnlenski matgædingurinn**

Hrafnhildur Magnúsdóttir er sunnlenski matgædingur vikunnar að þessu sinni.

Vá, takk Birna – mikill heiður.

Þó það lægi kannski beinast við að tína til þunga vetrarrétti í febrúardrunganum langaði mig frekar að grafa upp eitt-hvað bjartara og grænna, að eins til að minna á vorið. Hugsa yfirleit stöðugt um sítrónur í febrúar. Hér eru þrír einfaldir smá-/smakkréttir, einn sætur og tveir ekki, sem er ljúft að dunda við og gaman að bera fram – og auðvitað best að borða með fleirum. Er ekki nákvæm uppskriftakona svo þetta er allt sett fram með slumppfyrirvara og allra-mikilvægast að hver geri eftir eigin smekk og höfði og hafi gaman á meðan.

**Grillaðir piparbelgir**  
200 g grænir piparbelgir  
Sjerrí edik  
Brætt smjör  
Súrdeigsbrauð, mulið niður  
(fint að nota afgangsbrauðið í þetta)  
Furuhnetur  
Rifinn sítrónubörkur  
Fetakubbur

Brauðmolum og furuhnetum velt upp úr smjörinu og síðan bakað í ofni nokkrar mínutíð. Börkur af sítrónu rifinn yfir. Belginum velt heilum upp úr ólívulífi, þeir kryddaðir með salti og pipar og grillaðir vel og vandlega þangað til þeir eru orðnir vel svertir. Fyrir viðkvæmari má taka fræin úr. Best er að grilla þá á grilli en það má líka grilla í ofni eða steikja á pönnu. Smá sérfidik sett yfir í lokin. Brauð- og hnetublöndunni er síðan stráð yfir piparinn og fetakubburinn mulinn yfir eftir smekk.

**Snittubrauð með reyktum laxi**  
Súrdeigs-snittubrauð (alltaf skothelt hjá GK til dæmis)  
Líka gott að nota laufabrauð, ef það er til afgangur eftir jólum (sjaldgæft).

Reykjur lax

Skallott laukur

Kapers

Sítróna

Ofaná:

Peyttur rjómi

Sýrður rjómi

Hún Anna Ingadóttir, frænka míni, kann alla eldhúsgaldrana og er vonand til í að deila smá af þeim með okkur næst.

Matgædingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is  
uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

# Umhverfisstofnun stöðvar dýpkunarframkvæmdir í Þorlákshöfn

Dýpkunarframkvæmd við fyrirhugaða landfyllingu í Þorlákshafnarhöfn hefur verið stöðvuð af Umhverfisstofnun. Sömuleiðis mælir Skipulagsstofnun gegn landfyllingunni og segir deiliskipulagið m.a. í ósamræmi við aðalskipulag. Pessar fréttir hafa gifurlega mikla þýðingu fyrir félaga í Brimbrettafélagi Íslands, sem hafa barist hart fyrir því að fá áformum um fyrirhugaða landfyllingu í Þorlákshafnarhöfn breytt.

Rök Umhverfisstofnunar fyrir stöðvun framkvæmdanna eru meðal annars þau að leyfi hafi ekki fengist fyrir haugsetningu, efnistöku og förgun á dýpkunarefnum. Sagt er að sveitarfélagið hafi áætlað að nýta dýpkunarefnið í landfyllinguna og að framkvæmdin sé því ólögleg og að Suðurverk, sem hefur seld um framkvæmdina, hafi ekki haft starfsleyfi frá 30. desember sl.

## Í ósamræmi við aðalskipulag

Í fundargerð Skipulagsstofnunar segir að stofnunin mæli gegn landfyllingunni og samþykti ekki að hún falli undir almenna skilmála aðalskipulags um óverulegar framkvæmdir.



Ljósmynd: Berglind Jóhannsdóttir.

# Perlað með Krafti á Hótel Selfossi

Kraftur, félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum, ætlar að perla Lífið er núna armbönd á Hótel Selfossi, þriðjudaginn 6. febrúar, í samstarfi við Krabbameinsfélag Árnессýslu.

Fyr í janúar komu á annað þúsund manns saman í Höru og perluðu 3581 armbönd. Þar voru öll fyrri þáttökumet slegin í þessum skemmtilega viðburði, sem er tilvalinn fyrir fjölskyldur og vini til að eiga nota lega stund saman og hjálpa um leið Krafti að styðja við bakið á ungu fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þeirra.

Yfirschrift fjárlunarátaks og vitundarvakningar Krafts í ár er: "Vertu perla - Berðu Lífið er núna armbandið", og vísar það til þess að með því að bera armbandið sé fólk að sýna ungu fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum

þeirra stuðning. Eða eins og einn sem segir sögu sína í vitunarkningunni segir „...að sjá einhvern með armbandið sýnir mikinn stuðning, skilning og

samhug.“

Húsið verður opið á milli 16-19 og er öllum velkomið að kíkja við og perla með Krafti.



# Dagmar í úrvalshóp FRÍ

Dagmar Sif Morthens er með lágmark í Úrvalshóp FRÍ. Fyrir átti Frjálsíþróttadeild Selfoss níu félaga í hópnum og er hún sú tíunda til að ná lágmarki. Dagmar Sif kastaði 500gr spjóti 38,49m í sumar en lágmarkið í hópinn er 38m. Af einhverjum orsökum þá fór þessi árangur hennar fram hjá þeim sem að

yfirfara allan árangur með tilliti til Úrvalshópsins en að sjálfssögðu átti hún að fá boð í hópinn í haust þegar hópurinn var valinn. Frábær árangur hjá Frjálsíþróttadeild Selfoss að eiga 10 keppendur sem ná inn í Úrvalshópinn en ströng lágmark eru inn í hópinn.



Dagmar Sif Morthens. Ljósmynd: Frjálsíþróttadeild Selfoss.

## Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023. Frestur til tilnefninga er til miðnættis sunnudaginn 4. febrúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverðlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLSENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

## Við auglýsum eftir fólk til umönnunarstarfa á Sólvöllum. Sólvellir, dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka.

Okkur vantar sjúkraliða og ófaglært starfsfólk í umönnun á allar vaktir.

Sólvellir, dvalarheimili aldraðra á Eyrarbakka, er notalegt heimili staðsett á Eyrarbakka. Þetta er heimili með 20 heimilismenn, 13 í hjúkrunarrými og 7 í dvalarrými. Á heimilinu er mikið lagt upp úr góðu samstarfi þar sem fagmennska, umhyggja og virðing fyrir skjólstæðingum og fjölskyldu þeirra er höfð að leiðarljósi. Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum 8 klst. vöktum og aðra hvora helgi.

### Menntunar- og hæfniskröfur.

- Reynsla og/eða menntun á heilbrigðissviði æskileg.
- Nýliðar eru einnig velkomnir og verður þeim leiðbeint sérstaklega í upphafi starfs. Hér er því um kærkomið tækifæri fyrir áhugasamt fólk sem vill mennta sig á heilbrigðissviði.

Laun eru samkvæmt sérkjarasamningi Foss og Sólvalla. Nánari upplýsingar um starfið veita: Rósá Birgis Sæmundsdóttir s: 860-0180/862-2461, netfang rosabirgis1974@gmail.com og Ingibjörg Gunnarsdóttir s: 860-0180/867-8766, netfang igthrif@simnet.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsókn skal skilað rafrænt á netfangið rosa.birgisdottir@solvellir26.is og henni þarf að fylgja upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.



## ÞJÓNUSTA



**KJARNA BÓKHALL**

Bókhall • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

**Hjá Maddý ehf.**  
Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf skattskil**

**Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglysingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is



## FÉLAGSSTÖRF



### SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn 1. febrúar kl. 13:14:30.

### OPIÐ HÚS

Fim. 1. febrúar kl. 14:45.

### Fuglalíf í Hellisskógi

Örn Óskarsson líffræðingur flytur erindi og sýnir myndir.

## FUNDIR



Opið mán kl. 11 til 15  
miðv. kl. 11 til 15  
föstud. kl. 11 til 14.  
sími 482 1022  
gsm 788 0300

### Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

### Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

### AA

Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlaufundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

### Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

### AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

### AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

### OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

### CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**  
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,  
Þorlákshöfn  
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi  
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777  
Yfirbyggingsar - Réttigar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## KIRKJA

### Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 4. febrúar kl. 11:00. Kirkjukóinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Systurnar Karolina og Anna Maria Konieczna syngja.

Sunnudagskóli á sama tíma kl. 11:00, umsjón Sjöfn, Dóra og Katrín.

Morgunbærir þriðju-, miðviku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Þriðjudagssamvera þriðjudaginn 6. febrúar, gestur Gunnlaugur A. Jónsson prófessor emeritus í Gamla testamentisfræðum.

Krilaðalmar á miðvikudögum kl. 10:30, sjá upplýsingar um skráningu inn á Facebook-síðu barnastarfssins. Foreldramorgnar miðvikudaga kl. 11:00.

### Stokkseyrkirkja

Messa sunnudaginn 4. febrúar kl. 14:00. Organisti Haukur Arnarr Gislason, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Messukaffi á eftir í Safnaðarheimilinu.

### Skálholtsdómkirkja

Samvera fjölskyldunnar kl. 11. Vænst er þátttöku barna og ungmenna ásamt foreldrum, öfum og öllum. Stundin er í umsjón Bergþóru Ragnarsdóttur djáknakandítats og sr. Axels Á Njarðvík sóknarprests. Jón Bjarnason organisti spilar á orgelið. Léttar veitingar í lokin. Hugmyndin er að fáera laugardagsmáverur sem hafa verið yfir á sunnudaga og sam tengja bannig þessa tvo þættir starfsins.

### Hrepphlólkirkja

Kirkjuskóli í laugardaginn 3. febrúar kl. 11. Sóngur, sögur og gleði. Sr. Óskar og Jóna Heiðdís hafa umsjón með samverunni. Hversdagsmássmaður klvöldið 5. febrúar kl. 20. Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir djáknakandítatprédikar. Kirkjukóinn syngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Verið óll velkominn!

### Stóra-Núpskirkja

Guðsbjónusta á Bíblíudaginn sunnudaginn 4. febrúar kl. 11. Kirkjukóinn syngur undir stjórn Porbjargar Jóhannsdóttur. Verið óll velkominn!

### Hveragerðiskirkja

Kvöldguðsbjónusta kl. 20. Sr. Ninna Sif Svavarðsdóttir þjónar Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarskóna syngur, organisti Miklós Dalmary.

### Safnaðarheimili Aðventista, Eyrarvegi 67, Selfossi

Laugardaginn 3. febrúar. Bíblíurannsókn kl. 11:00. Elías Theodórrsson. Guðspjónusta kl. 12:00. Harrí Guðmundsson prédikar. Alli hjartanlega velkomnir. Söfnuður aðventista í Ánessýslu.

## Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944  
auglysingar@dfs.is



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún

## Mannát, hákarl og brennivín á bónadaginn

Öldungaráð Selfoss kom saman á Konungskaffi í miðbæ Selfoss á föstudagsmorgun í síðustu viku í tilefni bónadagsins og buðu þeir með Fjóru St. Kristinsdóttur, bæjarstjóra í Árborg og heiðursgesti, fyrrum sendiherra Íslands í Rússlandi, Hvergerðingnum Magnúsi Hannessyni, Bjarna Harðarsyni, einum helstu sagna-manni Sunnlendinga og blaðamanni Dagskráinnar. Á boðstólum voru flatkökur, kaffi, hákarl og brennivín, einkar vel við hafi á þessum fyrsta degi þorrar. Guðni Ágústsson kynnti gestina og bauð velkomna, auk þess

sem hann kynnti gestgjafana, þau Silju Hrund Einarsdóttur og Kristján Eldjárn, sem reka Konungskaffi og tóku vel á móti gestum sínum árla dags.

### Mannát á Íslandi

Bjarni Harðarson hélt tölu þar sem hann fræddi fróðleiksfusa gestina um mannát, og vildi meina að hin margrómaða og skapstóra íþróttakona Flóamanna, Jóra, hafi verið einhverskonar frumkvööull í því að taka á móti ferðafólk hérlandis, þó með þeim vafasömu afleiðingum að heir attu að hafa haft endastöð hjá Jóru, sem lagði sér þá til munns. Þessa iðju er talið að hún hafi tekið upp eftir að hún lauk við að éta lærið sem hún reif undan hrossinu, sem hún stókk síðan með yfir Ölfusá, líkt og þekkt er.

## HEILSA

**Energy Touch**  
- Nudd  
- Heildræn með-höndlun



**Yoga Nidra**  
djúplöslun

Örfáar dírin lausar

Hafðu samband



**Ragnhildur Sigurðardóttir**  
Farsími 693 2197  
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttatrafðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugrann afterlissmedferð, meta medicine.

Með Dáleiðslu má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með augnlestur en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með Nudd og svæðanudd -

**Heiðar Ragnarsson**  
Heilsulindinni í Miðgarði s. 8981501

Nöttin hefur níðst á mér, nú eru augun þrútin. Snemma því á fætur fer og flýti mér í kútinn.

Við það augun verða hörð, við það batnar manni strax. Hvað er betra en bænagjörð, brennivín að morgni dags.

## Hveragerðisbær semur við Listasafn Árnesinga

Hveragerðisbær og Listasafn Árnesinga undirrituð í síðustu viku nýjan þjónustusamning sín á milli. Samningurinn, sem hefur það meginmarkmið að auka samstarf Hveragerðisbæjar og Listasafnsins og efla þar með menningarstarf, sýningahald og safnastarf í bænum, er til þriggja ára og felur í sér 17.880.000 kr. framlag frá Hveragerðisbæ til safnsins á samningstímanum.

Samningurinn fellur að stefnu Hveragerðisbæjar þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að unnið sé með sérstöðu bæjarins á svíði lista og að byggð sé upp skapandi menning í bænum.

Hveragerðisbær mun annast umhíðu lóðar safnsins á samningstímanum og veita ráðgjöf vegna viðhalds á húsnæði safns-

ins. Að auki greiðir bærinn fasteignagjöldin fyrir safnið. Listasafnið mun meðal annars standa fyrir námskeiðum um myndlist, söfn og safnastarf fyrir börn og

unglinga í Hveragerði, bjóða grunnskólanemum á sýningar í safninu og veita dvalargestum í listamannahúsini Varmahlíð vinnuaðstöðu ef mögulegt er.



## Konungur Fjallanna

Kristinn Guðnason í Árbæjarhjáleigu er ókrýndur konungur fjallanna, enda fjallkóngur á Landmannaafrétti. Kristinn býr við mikla frægð, kvíkmynd farið um víða veröld um smalamennskur á þessum fallega afrétti. Nú hefur Kristinn eignast forystusauð sem fær nafnið Kóngur hann er frá Skúla bóna á Ytra-Álandi í Pystil-



## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

### Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:

#### 1. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Stækun á Vþ2, Valhallarstígur Nyrðri 8 úr F í Vþ, vatnsból á VB3; Breyting á aðalskipulagi - 2309040

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að kynna tillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Viðfangsefni breytingarinnar er þríþætt og tengist uppbryggingu innviða innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Í fyrsta lagi er um að ræða stækun á verslunar- og þjónustuvæðinu Vþ2 þar sem gert er ráð fyrir byggingu tveggja nýrra þjónustumiðstöðva og öðrum innviðum, s.s. 550 - 700 bílastæðum. Í öðru lagi er um að ræða skilgreiningu tveggja nýrra vatnsbóla og ásamt tilheyrandi vatnsverndarsvæðum (brunn-, fjar- og grannsvæða). Í þriðja lagi er um að ræða nýtt verslunar- og þjónustuvæði við Valhallarstíg, sunnan við Kúatorfu (Valhallarstígur Nyrðri 8).

#### 2. Útey 2 L167648; Mýrarskógr og Eyjavegur; Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting - 2212016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að kynna tillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 vegna Mýrarskógr og Eyjavegar. Breytingin nær til þess hluta af frístundasvæði F21 sem er innan Úteyjar 2 L167648 auk nýrra svæða austan Laugarvatnsvegar. Reitur F21 nær yfir nokkrar jarðir, innan framlagðar breytingartillögu er eingöngu lagt til að breyta þeiri landnotkun sem er innan Úteyjar 2. Í henni felst tilfærsla á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði og öfugt.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

#### 3. Reykholt; Verslunar- og þjónustuvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2306088

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. desember 2023 að auglýsa tillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 innan þéttbýlisins í Reykholti. Í breytingunni felst m.a. heimild til stækkunar á hóteli að Skólavagi 1 úr 40 gistiðuma hóteli á 1-2 hæðum í 120 gistiðuma hóteli á allt að þremur hæðum. Gatan Tungurimi hefur verið hönnuð og er færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breytti legu hennar innan breytingarinnar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtsbrekku 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustuvæði auk þess sem byggingsheimild við númerandi leikskóla er aukin.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana.

#### 4. Apavatn 2 lóð L167670; Byggingarskilmálar; Deiliskipulag - 2401015

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Apavatns 2, lóð L167670. Í skipulaginu felst heimild til viðbyggingar við númerandi sumarhús innan lóðarinnar auk 40 fm gestahúss og 15 fm geymslu innan nýtingarhlutfall 0,03.

#### 5. Myrholt L217197; Verslunar- og þjónustulóð; Deiliskipulag - 2401013

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til verslunar- og þjónustuvæðis Vþ25 í landi Myrholti 1. Í deiliskipulaginu fellst heimild til stækkunar á númerandi húsi um allt að 600 fm. Ennfremur er gert ráð fyrir bygginguætlaðar fyrir ferðapjónustu og henni tengdri s.s. nýtt gistiðum, smáhýsi og starfsmannahús. Heildarflatarmál byggingu á lóðinni má ekki fara yfir 2.300 fm, fjöldi gistiðum má vera allt að 80.

#### 6. Efra-Apavatn 1B L226188; Skilgreining frístundalóðar; Deiliskipulag - 2311089

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Efra-Apavatns 1B L226188. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir því að heimilt verði að reisa frístundahús allt að 250 fm auk bílskúrs/skemmu að 100 fm.

#### 7. Minni-Núpur L166583; Frístundasvæði; Deiliskipulag - 2309099

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 24. janúar 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis í landi Minni-Núps L166583. Í tillögunni felst skilgreining byggingsarreitar og byggingsheimildar á 8.760 fm lóð þar sem gert er ráð fyrir uppbryggingu á frístundahúsi ásamt tveimur gestahúsum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatn á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefsíðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasiðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is og www.skeidgnup.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1 - 2 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. febrúar 2024 með athugasemdafesti til og með 22. febrúar 2024.

Mál 3 - 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 1. febrúar 2024 með athugasemdafesti til og með 15. mars 2024.

Athugasemduum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatn eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vigfús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU

# „Skrambi gaman að sjá hvað fólk hljóp af stað“

Morgun- og hádegisverðarstaðurinn Byrja opnaði óformlega síðasta föstudag í Krónuhúsini við Austurveg á Selfossi. Að baki Byrja standa Selfyssingurinn Vigfús Blær Ingason og Christine Rae, kona hans.

„Við erum búin að hugsa þetta í mórg ár, að hér á Selfossi væri í raun ekkert hægt að fá sér í morgunmat nema í bakaríum eða á bensinstöðvum. Svo fluttum við í bæinn í nokkur ár, þar sem við vorum dugleg að sækja svona morgunverðarstaði, svo fluttum við aftur á Selfoss og þá imþraði það á hversu mikil okkur fannst þetta vanta, því við vorum orðin vön þessu. Svo eignumst við börn, erum hérrá á Selfossi og áttum okkur fljóttlega á því að hér eru engir staðir sem er gott að fara með börn á. Maður getur alveg látið það ganga, en ekkert svona sem manni langar sérstaklega að fara með þau,“ segir Vigfús í samtali við blaðamann Dagskráinnar, sem klíkti til þeirra skömmuða eftir að tók að hægja um eftir þeirra fyrstu hádegisverðartörn á föstudag, en á Byrja er skemmtilegt leiksvæði fyrir börn í smíðum við hlið afgreiðsluborðsins.

## Fullt á öllum borðum klukkutíma eftir opnum

Vigfús segir síðustu vikur hafa verið stremlnar. „Við höfum verið á fullu við að reyna að koma þessu í stand en svo í morgun bara svona uppúr tíu var allt til alls hér og við ákváðum að prófa að opna og æfa okkur, þannig að við tókum svona hljóðlátu opnum og höfum bara útskýrt það fyrir fólk, sem hefur tekið vel í það, að við erum svona í „beta-testi“. Okkur langar að heyra frá fólk við það vilji sjá eitthvað örðruvísí eða hvort við ættum að vera að



Vigfús og Christine, eigendur Byrja, höfðu í nögu að snúast við frágang þegar blaðamaður Dagskráinnar leit við, eftir frábærlægla heppnaða „hljóðlátu“ opnum, þar sem setið var við hvert borð. Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún

gera eitthvað örðuvísí þannig að klukkan 10 í morgun ákváðum við að opna bara og sjá hvað gerðist, auglýstum það ekkert en það hefur gengið ótrúlega vel og var skrambi gaman að sjá hvað fólk hljóp af stað, klukkutíma eftir opnum var setið á öllum borðum,

og verið að keyra á milli, finnum við að við viljum bara vera hér. Okkur langaði að vinna fyrir okkur sjálf og okkur fannst, sem fyrr segir, vanta svona stað í veitingastaðarflóruna í bænum og vildum taka þátt í uppyggingu á Selfossi,“ bætir Vigfús við.

## Kíkti í heimsókn fyrir 8 árum og er ekki enn farin heim

Vigfús og Christine, sem er frá Kanada, kynntust þegar hún kom í heimsókn til Íslands fyrir 8 árum síðan. „Hún kom hingað í heimsókn og ætlaði að stoppa hjá öðru fólk í nokkra mánuði, en hún er ekki enn farin heim,“ segir Vigfús og hlær. „Christine er vön þessum diner-stöðum í Kanada, sem eru ýmiskonar borgarar, samlokur, vefjur og salót, súpur og snarl, kaffi, úrval af óáfengum drykkjum auk léttvíns og bjór á krana í boði. Byrja opnar klukkan 7 virka morgna og 8 um helgar og opið til 16 alla daga. Byrja Selfoss er á samfélagsmiðlum og á byrjaselfoss.is verður von bráðar hægt að panta á netinu m.a. af sérstökum take-away matseðli. HGL

Eftir að hafa unnið í bænum



Porrablót Gnúpverja fór fram í Árnesi á bónadaginn, föstudaginn 27. janúar sl. Að sögn aðstandenda blótsins fór það fram með besta móti. 250 gestir nutu matar sem fenginn var frá Múlakaffi og skemmtu sér mjög vel yfir skemmtiatriðum sem slógu í gegn.

**FROST**  
KÄLKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



**expert kæling**

Sími 660 2970  
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
ísskápavíðgerðir - Almennar rafagnir



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002  
800lagnir@800lagnir.is

**ÖKULAND**  
Meirapróf  
Endurmenntun  
Aksturspjálfun  
okuland.is

**VÉLSMIÐJA  
SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttningar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**HSH**

þrif og flutningar ehf  
Breidumýri 3 Selfossi  
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,  
ræstingar, þrif og  
flutningarþjónusta  
Uppl. í síma 792-1727 eða  
hshflutningar@gmail.com



**Pípulagnir Júlla**  
Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

**Lagnabjónustan ehf**

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími



**Vinnuvélanámskeið  
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

